

Í þágu heimilanna

Stjórn málaályktun 41. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Vorið 2013 felur í sér mikil tækifæri. Sjálfstæðisflokkurinn er tilbúinn til forystu í íslensku samfélagi þar sem áherslan verður á forgangsriðun í þágu heimila og fyrirtækja. Sjálfstæðisflokkurinn hefur grunnildi sjálfstæðisstefnunnar að leiðarljósi þar sem virðing fyrir einstaklingsframtaki, sam hjálp borgaranna, atvinnufrelsi og verðmætasköpun eru leiðarstefin. Vinnufúsar hendur kalla eftir verkefnum sem mörg bíða úrlausnar, hugmyndir eru tilbúnar til að verða að veruleika. Samhent og samtaka náum við árangri og hefjum nýja sókn, Íslendingum öllum til heilla.

Í þágu heimilanna leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á að næsta ríkisstjórn setji eftirtalin verkefni í forgang. Sjaldan hefur verið mikilvægara að forgangsraða rétt og leysa þau verkefni fyrst sem ekki þola bið.

1. Að ráðast að rót vanda íslenskra heimila með skulda- og skattalækkunum
2. Að auka verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi
3. Að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og afnema gjaldeyrishöft
4. Að sýna ábyrgð og bæta opinberan rekstur, lækka skatta og endurskoða bótakerfi
5. Að tryggja grunnþjónustu fyrir alla landsmenn og standa vörð um velferðina

Í þágu heimilanna leggur Sjálfstæðisflokkurinn fram raunhæfar lausnir í skuldamálum

Besta leiðin til þess að styrkja stöðu heimilanna er að tryggja fólki möguleika til að stunda arðbæra atvinnu og gefa því þar með tækifæri til að vinna sig út úr vandanum.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar verði markvissar aðgerðir til að bregðast við greiðslu- og skuldavanda heimilanna með almennum aðgerðum. Þessi aðgerð er mikilvæg forsenda fyrir auknum hagvexti og framtíðaruppbyggingu íslensks þjóðfélags.

Sjálfstæðisflokkurinn vill beita nýrri leið með því að veita sérstakan skattaafslátt vegna afborgana af lánnum til eigin íbúðarkaupa og nýta skattkerfið til að lækka húsnæðislán heimilanna. Nú er skattaafsláttur veittur til að leggja fyrir í séreignarsparnað. Sjálfstæðisflokkurinn vill að einstaklingar hafi val um að greiða frekar inn á húsnæðislánin sín og njóta þessa sama afsláttar og lækka þannig höfuðstól lánanna og framtíðar vaxtakostnað heimilanna.

Landsfundur vill auðvelda fyrstu íbúðarkaupa með skattalegum hvötum til sparnaðar. Mikilvægt er að íbúðalánakerfið bjóði upp á óverðtryggt fasteignalán með sanngjörnum kjörum. Efnahagslegur stöðugleiki er nauðsynleg forsenda þess að breytingar af þessu tagi geti náð fram að ganga.

Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki að fólk sé að óþörfu gert upp vegna skulda sem það hefur stofnað til vegna eigin íbúðarhúsnæðis. Sjái skuldari sér engan veginn fært að standa undir rekstri húsnæðis síns, jafnvel með þeim úrræðum sem lögð eru til, á honum að vera heimilt að skila lykklunum og losna undan skuldum sínum, án þess að það leiði til gjaldþrots.

Verðtrygging hefur bæði kosti og galla. Hún ver sparnað en getur magnað skuldir eins og dæmin sanna. Sjálfstæðisflokkurinn vill stuðla að efnahagskerfi þar sem verðtrygging verður óþörf. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar á fyrsta starfsári verði markviss og tímasett áætlun um að verðtryggt húsnæðis- og neytendalán, verði ekki almenn regla líkt og verið hefur. Nauðsynlegt er að endurskoða þá þætti sem lagðir eru til grundvallar vísitöluhækkunar lána og sníða af þá vankanta sem valdið hafa fjölmörgum heimilum vandkvæðum.

Í þágu heimilanna

Stjórn málaályktun 41. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Í þágu heimilanna leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á öflugt og framsækið atvinnulíf

Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins er að frumkvæði einstaklingsins fái notið sín samfara ábyrgð á eigin athöfnum. Öflugt og gott atvinnulíf er forsenda framfara og undirstaða velferðarkerfisins.

Allar atvinnugreinar þrífast best í stöðugu starfsumhverfi. Það er stjórnvalda að skapa skilyrði fyrir vexti og framförum, búa til ramma, setja leikreglur og tryggja frelsi einstaklingsins til þess að dafna og skapa verðmæti.

Landsfundur telur að eitt mikilvægasta verkefnið í efnahagslífi þjóðarinnar sé að losa Íslendinga undan gjaldeyrishöftum. Forsenda þess að unnt sé að afnema gjaldeyrishöftin er að vandamál tengd svokallaðri snjóhengju verði leyst. Sú lausn þarf að taka mið af hagsmunum heimila, fyrirtækja og þjóðaröryggi.

Íslenska krónan í höftum getur ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar ef Íslendingar eiga að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni og afla þjóðinni tekna á heimsmarkaði. Landsfundur telur að Sjálfstæðisflokknum beri skylda til þess að setja afnám gjaldeyrishafta efst á forgangslista komist hann í ríkisstjórn.

Kanna þarf til þrautar alla möguleika fyrir Ísland í gjaldmiðla- og gengismálum, þar með talið upptöku alþjóðlegrar myntar.

Sjálfstæðisflokkurinn mun leggja rækt við atvinnulífið og vinna að bættu umhverfi í samráði og sátt við fyrirtækin í landinu. Hvort sem um er að ræða sjávarútveg, ferðaþjónustu, verslun og þjónustu, stóran eða smáan iðnað, landbúnað eða skapandi greinar þarf að tryggja að hér á landi sé rekstrarumhverfi sem er samkeppnishæft við það besta sem gerist. Sjálfstæðisflokkurinn mun skapa íslensku efnahagslífi og atvinnuvegum hvetjandi, örugg og traust starfsskilyrði og við ætlum að eyða pólitískri óvissu um grunnatvinnuvegina.

Arðsöm uppbygging og nýting auðlinda landsins í sátt við umhverfissjónarmið eru lykilatriði í framtíðaruppbyggingu íslensks hagkerfis. Þær atvinnugreinar sem nýta náttúruauðlindir í eigu hins opinbera eiga að greiða hóflegt og sanngjarnt gjald fyrir. Þá þarf að gæta þess að nýtingar- og eignarrétturinn sé virtur í hvívetna.

Í þágu heimilanna mun Sjálfstæðisflokkurinn lækka skatta og einfalda skattkerfið

Skattar eru einn stærsti útgjaldaliður íslenskra heimila. Því felst mikil kjarabót í lækkun skatta á heimilin. Stefna ber að því að einfalda skattkerfið til muna og lækka skatthlutföll í áföngum.

Landsfundur telur að endurskoða beri allar skattahækkanir fráfarandi ríkisstjórnar sem tekið hafa gildi á líðandi kjörtímabili til lækkunar og einföldunar að nýju. Þá er einnig mikilvægt að þegar verði ráðist í heildarendurskoðun á skattaumhverfi atvinnurekstrar og heimila í landinu með það að markmiði að einfalda skattlagningu, fækka undanþágum og draga úr tekjutengingum.

Í þágu heimilanna mun Sjálfstæðisflokkurinn koma rekstri ríkissjóðs í jafnvægi

Við þurfum að afla meira en við eyðum – ríkissjóður er þar enginn undantekning. Viðvarandi hallarekstur ríkisins er óviðunandi og skuldastaða ríkissjóðs sömuleiðis. Verkefnið er gríðarlegt en undan því verður ekki vikist.

Í þágu heimilanna

Stjórn málaályktun 41. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokkurinn hafnar aðhaldsaðgerðum sem byggjast á flötum niðurskurði og síaukinni skattlagningu. Leggja ber alla áherslu á aukna verðmætasköpun í landinu sem grundvöll endurreisnarinnar. Með vaxandi landsframléiðslu styrkist geta ríkissjóðs til að standa undir velferðarkerfinu.

Forgangsroðun fjármuna hefur sjaldan verið mikilvægari. Einn stærsti útgjaldaliður ríkisins er vaxtakostnaður af skuldum ríkissjóðs. Þeim fjármunum er betur varið til þess að auka velferð landsmanna og því er það forgangsverkefni að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Í þágu heimilanna mun Sjálfstæðisflokkurinn standa vörð um velferðina

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að tryggja öryggi og velferð landsmanna með því að leggja skattfé fyrst í þau verkefni sem eru brýn og áriðandi. Örugg heilbrigðisþjónusta, góð menntun og trygg löggæsla skal vera í forgrunni.

Hvernig ævikvöld við búum öldruðum og hvernig við hlúum að þeim sem þurfa á aðstoð að halda er mælikvarði á gæði samfélagsins. Sjálfstæðisflokkurinn mun draga úr tekjutengingum og heimila öllum yfir 70 ára aldri að afla sér tekna án skerðingar. Hækka þarf að nýju lífeyrisgreiðslur aldaraðra og öryrkja og eyða þeirri mismunun sem birst hefur í aðgerðum stjórnvalda undanfarin ár. Markvisst þarf að auka hagkvæmni í umönnun aldaraðra og fatlaðra til að tryggja betri og skilvirkari þjónustu.

Í þágu heimilanna leggur landsfundur Sjálfstæðisflokksins áherslu á menntun og nýsköpun

Sjálfstæðisflokkurinn vill stuðla að umhverfi þar sem mannauður íslensku þjóðarinnar fær notið sín. Þjóðin er framtaksöm, hugmyndarík og vel menntuð. Tryggja þarf að svo verði áfram með öflugum menntakerfi sem vinnur í samstarfi við atvinnulífið með þarfir þess að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að efla verkmenntun í takt við þarfir atvinnulífsins.

Í þágu heimilanna leggur landsfundur Sjálfstæðisflokksins áherslu á trausta stöðu Íslands sem sjálfstæðrar þjóðar á meðal þjóða

Sjálfstæðisflokkurinn telur megintakmark utanríkisstefnu Íslands vera að standa vörð um fullveldi þjóðarinnar, treysta stöðu hennar, öryggi og velsæld með því að efla frjálsræði í viðskiptum, tryggja varnir landsins og nýta á alla lund þau tækifæri sem felast í vaxandi alþjóðlegu samstarfi, bæði innan vébanda fjölþjóðasamtaka og við einstök ríki. Leggja ber áherslu á samstöðu og víðtækt samstarf við aðrar lýðræðisþjóðir er vinna að friði og frelsi, mannúð og mannréttindum svo og hvers kyns bættum lífsskilyrðum þjóða heims á grundvelli alþjóðalaga.

Evrópa er eitt mikilvægasta markaðs- og menningarsvæði Íslands og því nauðsynlegt að tryggja áfram opinn og frjálsan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins, svo sem gert er á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Nýta ber þau margvíslegu tækifæri sem samningurinn veitir til að fylgja eftir hagsmunum Íslands gagnvart öðrum ríkjum Evrópu. Landsfundur telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið með því að standa fyrir utan Evrópusambandið.

Áréttað er að aðildarviðræðum við ESB verði hætt og þær ekki teknar upp aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Sjálfstæðisflokkurinn telur að varnir landsins séu best tryggðar á þeim tvíþætta grundvelli sem felst í aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

Í þágu heimilanna mun Sjálfstæðisflokkurinn forgangsraða rétt – það er kominn tími til að nýta tækifærin, kominn tími til aðgerða, tími til sóknar – í þágu okkar allra.